


Fjölbrautaskóli Snæfellinga –
367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Ársskýrsla 2015


Útg.

*06.07.
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir*



EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Nemendur	3
Nám - Námsframboð	3
Kennsla og stjórnun.....	3
Umbótaþættir eftir sjálfsmat.....	4
Úttektir	4
Afkoma, rekstrarstaða	4
Brottfall	4
Samvinna við aðra	4
Sérstakar áherslur/sérsvið skólans	5



Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur starfað frá haustönn 2004. Við stofnun hans var horft til nýrra kennsluhátta og var skólabyggingin hönnuð og teiknuð með það í huga. Við höfum þá stefnu að leiðarljósi að vera framsækinn skóli og höfum við unnið undanfarið að því að innleiða vandinám ásamt því að halda áfram að þróa leiðsagnarmat.

Nemendur

Innritaðir nemendur voru 199 á vorönn og 199 á haustönn.

Nám - Námsframboð

Nemendur FSN skiptast fyrst og fremst á þrjár brautir til stúdentsprófs, þ.e. félags- og hugvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og opna braut til stúdentsprófs. Við skólann er rekin starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólabraut 1 og 2.

Heiti brautar	Fjöldi nemenda vorönn 2016	Fjöldi nemenda haustönn 2016
Almenn braut	32	1
Félagsfræðibraut	39	20
Félags- og hugvísindabraut	27	63
Framhaldsskólabraut	12	21
Listnámsbraut		1
Náttúrufræðibraut	47	9
Náttúru- og raunvísindabraut	22	40
Starfsbraut	6	5
Opin braut til stúdentsprófs	14	21
Samtals	199	199

Kennsla og stjórnun

Auk skólameistara starfa við skólann:

- aðstoðarskólameistari í 75% starfi
- fjármála- og skrifstofustjóri í 100% starfi
- námsráðgjafi í 50% starfi
- deildarstjóri á Patreksfirði í 100% starfi
- deildarstjóri starfsbrautar í 100 % starfi
- umsjónarmaður fasteigna í 100% starfi
- skrifstofufulltrúi í 50% starfi
- kerfisstjóri í 25% starfi



- þroskaþjálfari í 100% starf
- stuðningsfulltrúi á starfsbraut í Grundarfirði í 100% starfi
- tveir stuðningsfulltrúar í Framhaldsdeild á Patreksfirði í 50% starfi og 25% starfi
- kennarar skólans voru 13 í ellefu stöðugildum en að auki kenndi námsráðgjafi í 50% stöðu, aðstoðarskólameistari í 25% stöðu, umsjónarmaður fasteigna í 25% stöðu og þroskaþjálfari í 50% stöðu
- tveir ræstitækjar í 50% stöðu og 12,5 % stöðu
- tveir matráðar í 50% stöðu hvor

Umbótaþættir eftir sjálfsmat

Sjálfsmatshópur hefur unnið að hefðbundnu innra mat og sjá má skýrslu um sjálfsmat á heimasíðu skólans.

Úttektir

Ytri úttekt var gerð á skólanum haustið 2015. Með tilliti til niðurstaðna úr þeirri úttekt var gerð umbótaáætlun vorið 2016 og er unnið eftir henni. Umbótaáætlunina má lesa [hér](#).

Afkoma, rekstrarstaða

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Samkvæmt ársreikningi 2016 þá var greiðslustaða við ríkissjóð -8.735.495. Kostnaður við laun hefur hækkað töluvert m.a. vegna launahækkunar kennara.

Brottfall


Við höfum haldið áfram að vinna gegn brottfalli. FSN fékk úthlutað styrk vegna aðgerða gegn brottfalli. Skimunarpróf var lagt fyrir nýnema til að finna þá nemendur sem væru í brottfallshætti og sálfræðingur var fenginn til að vera með námskeið um kvíða og aðgerðir gegn kvíða.

Samvinna við aðra

Samstarf í Fjarmenntaskólanum hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN getur ekki boðið upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmenntaskólunum.

Við höfum aukið samstarf á milli skólastiga. Tveir fundir voru haldnir með skólastjórnendum á Snæfellsnesi og samstarf næsta vetrar skipulagt. svæðinu. Við tókum upp þá nýbreytni að hafa Framhaldsskólahermi en nemendum 10. bekkja var boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Mæltist þetta vel fyrir hjá nemendum.

Vinna við að finna samstarfsflöt fyrirtækja og stofnana og FSN hefur legið niðri en væntanlega verður sú vinna tekin upp á næsta skólaári með vinnustaðanám í huga.



Sérstakar áherslur/sérsvið skólans

Sjálfsmatshópur vann umbótaáætlun í framhaldi af ytri úttekt 2015. Við munum halda áfram að finna nýjar leiðir til að uppfylla markmið sem gerð voru í skólasamningi fyrir árin 2015-2016. Samkvæmt þeim samningi höfum við ekki kynnt dreifnám skólans fyrir nemendur 18 ára og eldri en við höfum vilja til að fá þessum samningi breytt þar sem það hentar skóla eins og FSN vel að bjóða upp á dreifnám þar sem kennsluhættir bjóða upp á að dreifnemendur séu hluti af námshópum í dagskóla og með því gætum við haldi námsframboði óbreyttu.

Nýjar námsbrautir hafa verið endurskoðaðar og eru nú í samþykktarferli hjá ráðuneyti. Við munum halda áfram að innleiða vendikennslu þannig að skólinn geti lýst því yfir að vendikennsla sé nýtt í skólanum. Til þess þurfum við fleiri námskeið fyrir kennara en einar Menntabúðir voru í vetur og samstarfsdagur var haldinn á vinnudögum í vor þar sem kennarar í MTR og kennarar í FSN báru saman bækur sínar. Kennsluhættir í þessum skólum eru mjög líkir og því hentar vel samræða á milli þessara kennarahópa.

Skólinn kom vel út í könnuninni Stofnun ársins og við erum full bjartsýni. Í skólanum starfar vel menntað fólk sem vill hag skólans sem bestan og það ríkir góður andi í hópi starfsfólks og nemenda.

Grundarfirði júlí 2017
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
Skólameistari